

Erindisbréf

fyrir starfshóp um varðveislu menningarminja við Grímsstaðavör

Starfshópur um framtíðarhlutverk menningarminja við Grímsstaðavör við Ægissíðu, er kenndar hafa verið við grásleppuskúrana við Grímsstaðavör.

Ábyrgðarmaður: Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs.

Inngangur: Grásleppuskúrarnir við Grímsstaðavör eru elstu minjar um smábátaútgerð í Reykjavík. Skúrarnir og vörin hafa mikið gildi fyrir menningar- og atvinnusögu Reykjavíkur og því mikilvægt að vinna að varðveislu þeirra á ný. Starfshópur um verndun menningarminja við Grímsstaðavör var að störfum 2006 til 2010, vann hugmyndavinnu, hafði samráð við hagsmunaaðila, lét hreinsa og endurbæta grásleppuskúrana og umhverfi, vinna forsögn að svæðinu og gera grófa kostnaðaráætlun með hugmyndunum. Ögmundur Skarphéðinsson arkitekt, Hornsteinn arkitektar ehf. vann fyrir starfshópinn uppdrætti með tillögum að nýtingu svæðisins er kynntir voru á opnum fundi í Sjóminjasafninu og gerði síðan tillögu að deiluskipulagi fyrir svæðið er kynnt var í skipulagsráði. Gengið var frá hluta afsala við hugsanlega eigendur minjanna. Skúla Guðbjarnarsyni f.h. Alice ehf. var veitt tímabundið leyfi til að nýta Grímsstaðavör til ferðaþjónustu. Tilnefnt var í nýjan starfshóp s.h.l. júní 2010, en hann hóf aldrei störf.

Hlutverk: Varðveisla menningarminja í Grímsstaðavör við Ægissíðu og umhverfis þeirra.

Helstu verkefni:

- ✓ Halda áfram hugmyndavinnu við endurgerð grásleppuskúranna við Grímsstaðavör og umhverfi þeirra.
- ✓ Móta hugmyndir um varðveislu og merkingu menningarminjanna.
- ✓ Vinna tillögu að aðgerða- og fjárhagsáætlun fyrir næsta áfanga.
- ✓ Móta verklag um verkaskiptingu milli sviða og stofnana borgarinnar en umhverfi menningarminjanna er útivistarsvæði.
- ✓ Forgangsraða hugmyndum með hliðsjón af fjárhagsáætlun.
- ✓ Leysa endanlega spurninguna um eignarhald minjanna ef eitthvað er óljóst.
- ✓ Annast samráð við hagsmunaaðila.

Starfshópurinn skipa: Sigurborg Ósk Haraldsdóttir formaður, Marta Guðjónsdóttir og Stefán Benediktsson fulltrúar menningar- og ferðamálaráðs, Signý Pálsdóttir skrifstofustjóri menningarmála og Nikulás Úlfar Músson skrifstofustjóri skrifstofu skipulagningar, byggðar og borgarhönnunar Umhverfis- og skipulagssviði.

Starfsmenn starfshóps: Ingibjörg Áskelsdóttir og Helga Maureen Gylfadóttir, verkefnastjórar á Borgarsögusafni.

Efni til hliðsjónar: Gögn frá fyrri starfshópi.

Til ráðgjafar og samstarfs: Borgarsögusafn Reykjavíkur; Umhverfis- og skipulagssvið; Eigendur grásleppuskúra og annarra minja á svæðinu; Íbúar í nágrenninu og aðrir áhugamenn um varðveislu minjanna. Starfshópurinn kallar til samstarfs aðila víðar eftir því sem við á hverju sinni.

Starfstími: Starfshópurinn skili áfangaskýrslu til menningar- og ferðamálaráðs fyrir 1. júní 2015.

Samþykkt á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 12. janúar 2015.